

Nd.

74. Breytingartillögur

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

1. Við 8. gr. Síðari másl. gr. falli burt.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn, kosnir til eins árs í senn úr flokki kjósenda í kjördæminu, og jafnmargir til vara.
Sýslunefnd, sem í hlut á, kýs yfirkjörstjórn, en bæjarstjórn þar, sem kaupstaður er sérstakt kjördæmi. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn, kosnir til eins árs í senn úr flokki kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins, og jafnmargir til vara.
Hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs undirkjörstjórn. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.
4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Kjörstjórnir velja sér sjálfar oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum.
Sá, sem á sæti í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal vikja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis. Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skal vikja sæti, þegar úthlutað er uppbótarpingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina við skipun í uppbótarpingsæti.
5. Við 51. gr. Síðasti máslíður fyrstu málsgreinar falli burt.
6. Við 54. gr. Í stað tveggja síðustu málsgreina greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Neðri hluti eyðublaðsins, landskjörseðillinn, skal látinn með öllu auður.
7. Við 55. gr.
 - a. Upphaf 2. málsgr. gr. skal orða svo:
Prenta skal listana á efri hluta eyðublaðsins hvern við annars hlið o. s. frv.
 - b. Síðustu málsgr. gr. skal orða svo:
Neðri hluti eyðublaðsins, landskjörseðillinn, skal látinn með öllu auður.
8. Við 89. gr. Niðurlag 1. málsgr. gr., á eftir orðunum „lista kjördæmisins“, orðist svo: ritar hann á landskjörseðilinn bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa, af þeim, sem í kjöri eru.